

# Breytingar á rekstri okkar

Upplýsingar fyrir yfirfærslu tryggingataka og kröfuhafa

Þessi handbók útskýrir fyrirhugaða yfirfærslu ýmissa trygginga frá Aviva Life & Pensions UK Limited til Friends First Life Assurance Company dac.

Október 2018



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Hvaða áhrif hefur þetta á þig og tryggingu þína</b>	<b>3</b>
<b>3</b>	<b>Hvaða áhrif hefur þetta á greiðslur þínar</b>	<b>4</b>
<b>4</b>	<b>Yfirfærsluferlið</b>	<b>4</b>
<b>5</b>	<b>Það sem þú þarft að gera næst</b>	<b>4</b>
<b>6</b>	<b>Hvernig þú getur haft samband við okkur vegna áætlunarinnar</b>	<b>5</b>
<b>7</b>	<b>Yfirlit yfir áætlunina</b>	<b>6</b>
<b>8</b>	<b>Tryggingaskírteini hagnaðarsjóðs</b>	<b>7</b>
<b>9</b>	<b>Lögbirting</b>	<b>10</b>
<b>10</b>	<b>Notuð hugtök</b>	<b>11</b>

## 1 Inngangur

Þessi handbók útskýrir fyrirhugaða yfirfærslu okkar á ýmsum tryggingum frá Aviva Life & Pensions UK Limited („**UKLAP**“) til Friends First Life Assurance Company Designated Activity Company („**FFLAC**“) sem áætlað er að eigi sér stað þann 29. mars 2019. **FFLAC** er Aviva-fyrirtæki sem verður endurnefnt Aviva Life & Pensions Ireland dac („**ALPI DAC**“) þann 29. mars 2019 eða þar um bil. Á sama tíma flyst skráð heimilisfang skrifstofunnar yfir til One Park Place, Hatch Street, Dublin 2, Írlandi.

Í þessari handbók, yfirlitsbréfi og öðru tengdu efni, vísum við til fyrirhugaðrar yfirfærslu sem „**áætlunin**“.

Lestu þessa handbók þannig að þú skiljir **áætlunina** og hvaða áhrif hún hefur á þig og tryggingu þína (eða tryggingar). Áhrif á tryggingu þína (eða tryggingar) eru útskýrð í köflum 2 og 3.

Þú átt rétt á að hreyfa andmælum við yfirfærslunni ef þú telur að hún gangi gegn hagsmunum þínum. Þú hefur einnig rétt á að vera viðstödd/viðstaddur fyrirtöku máls fyrir **dómi**. Frekari upplýsingar um hvernig þú gerir það má finna í kafla 5.

Sum hugtökin í þessari handbók eru **feitletuð**, þau eru skilgreind nánar í kafla 10.

Þessi handbók skiptir þig máli því þú ert með tryggingu (eða tryggingar) sem verða yfirfærðar í samræmi við **áætlunina**. Ef þú ert kröfuhafi vegna tryggingar ættir þú einnig að lesa þessa handbók.

Þú gætir heyrt meira frá okkur vegna **áætlunarinnar** ef þú ert með fleiri en eina tryggingu hjá Aviva. Aviva leggur einnig til aðskilda yfirfærslu ákveðinna almennra trygginga frá öðru Aviva-fyrirtæki í Bretlandi til annars Aviva-fyrirtækis á Írlandi, sem gerir það að verkum að þú færð ef til vill bréf um slíkt sért þú einnig í viðskiptum við það fyrirtæki.

Þessi handbók inniheldur:

- upplýsingar um hvaða áhrif **áætlunin** hefur á þig og tryggingu þína (kafla 2) og greiðslur þínar (kafla 3);

- upplýsingar um ferlið sem við fylgjum við yfirfærsluna (kafla 4);
- það sem þú þarft að gera næst (kafla 5);
- upplýsingar um hvernig þú getur haft samband við okkur vegna **áætlunarinnar** (kafla 6);
- yfirlit yfir **áætlunina** (kafla 7);
- upplýsingar um breytingarnar sem við gerum á **PPFM** skjölum fyrir hagnaðartryggingar (kafla 8); og
- formlega **lögbirtingu** (kafla 9).

## 2 Hvaða áhrif hefur þetta á þig og tryggingu þína

Þessi handbók inniheldur upplýsingar um yfirfærslu hjá **tryggingatökum UKLAP**. Hún útskýrir fyrirhugaða yfirfærslu og hvaða áhrif **áætlunin** hefur á þig og tryggingu þína. Valdi **áætlunin** þér óvissu getur þú séð hvað skal gera næst í kafla 5.

Ef **dómurinn** samþykkir **áætlunina** verður **FFLAC** tryggingafélagið þitt frá og með **gildistökutíma** þó það verði komið með nafnið **ALPI DAC** þá, en sú breyting tekur gildi þann 29. mars 2019 eða þar um bil.

Í stuttu máli hefur **áætlunin** þetta í för með sér:

- fyrir utan það að tryggingafélagið þitt verður **FFLAC** verður engin breyting á því hvernig tryggingin þín virkar;
- númer tryggingarinnar, eiginleikar, bætur eða iðgjöld breytast ekki;
- fjárfestingarstefna valinna sjóða breytist ekki; og
- þegar þú hringir í okkur muntu tala við sama starfsfólkið og þú gerðir áður, og hvorki símanúmerið né þjónustustigið breytist.

**Yfirfærslan þýðir að tryggingin þín fellur ekki lengur undir bótaáætlun fjármagnsþjónustu (Financial Services Compensation Scheme), og breytingar geta orðið á því hvernig kvartanir verða lagðar fyrir umboðsmann. Nánari upplýsingar um þetta má finna í hlutanum „Spurningar og svör“ sem fylgir bréfinu.**

### 3 Hvaða áhrif hefur þetta á greiðslur þínar

Ef **áætlunin** verður samþykkt er reiknað með að hún taki gildi 29. mars 2019 (hér eftir „**gildistöku tími**“). Þú þarft ekki að gera neitt og það verður engin breyting á tímasetningum, upphæðum eða tíðni reglubundinna greiðslna til eða frá tryggingunni, né breytingar á dagsetningum sjálfvirkra safnana. Ef greiðslurnar eru gerðar með beingreiðslum mun yfirfærslan ekki hafa áhrif á sjálfvirkar skuldfærslur þó að nafnið sem birtist á bankayfirlitinu kunni að breytast aðeins.

### 4 Yfirfærsluferlið

**UKLAP** og **FFLAC** hafa sótt um leyfi til hæstaréttar Englands og Wales til að yfirfæra ákveðnar tryggingar frá **UKLAP** til **FFLAC**. Lögum samkvæmt er nauðsynlegt að fara með þetta til dómstóla.

Áður en yfirfærslan getur átt sér stað verður **dómurinn** að samþykka **áætlunina**. Málflutningur er áætlaður þann 13. febrúar 2019 við „The Business and Property Court“, Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London EC4A 1NL. Ef **áætlunin** verður samþykkt er reiknað með að hún taki gildi þann 29. mars 2019 (hér eftir „**gildistöku tími**“). Eftir fyrirtöku fyrir **dómi** uppfærum við vefsíðu okkar með ákvörðun **dómsins**.

Frá **gildistöku tíma** verða tryggingarnar sem voru yfirfærðar tryggingar **FFLAC** í samræmi við **áætlunina** og eins og lýst er í kafla 7.

**Dómurinn** mun aðeins samþykka **áætlunina** ef öruggt er að hún sé sanngjörn gagnvart **tryggingatökum** í heild og uppfylli lagalegar kröfur. Til að það sé unnt reiðir hann sig á álit **óháðs sérfræðings**. Eftirlitsaðilar okkar, fjármálaeftirlitið („**FCA**“) og ráðgefandi yfirvöld („**PRA**“) hafa einnig rétt á að koma fyrir **dóminn**. **PRA** mun ráðfæra sig við írsku eftirlitsaðilann, Central Bank of Ireland („**CBI**“) sem og aðra viðeigandi eftirlitsaðila innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

**Óháður sérfræðingur**, en skipan hans hefur verið samþykkt af **PRA** í samráði við **FCA**, hefur skrifað skýrslu um hvaða áhrif **áætlunin** er líkleg til að hafa á **tryggingataka**. Þessi skýrsla gefur ítarlegt og óháð mat á áhrifum **áætlunarinnar** svo unnt sé að tryggja réttláta meðferð **tryggingataka**. Þessi skýrsla mun hjálpa **dómnum** að komast að niðurstöðu og verður einnig yfirfarin af **FCA** og **PRA** þegar **áætlunin** er tekin til skoðunar.

Við höfum sent þér samantekt af þessari skýrslu með bréfinu ásamt þessari handbók.

### 5 Það sem þú þarft að gera næst

Lestu allar upplýsingarnar sem við höfum sent þér til að hjálpa þér að skilja **áætlunina**.

Ef það er einhver annar sem á hagsmuna að gæta í tryggingunni (eða tryggingunum), til dæmis:

- ef þú ert tryggingataki að sameiginlegri tryggingu;
- ef þú ert fjárhaldsmaður;
- ef þú hefur framselt tryggingu þína eða ef hún er í sjóði;
- ef tryggingin fellur undir lífeyrisdeilingarskipun;
- ef fjárvörsluaðili í gjaldþroti, móttakandi eða skiptastjóri hefur hagsmuna að gæta í tryggingunni; eða
- ef þú ert með umboð;

skaltu gæta þess að viðkomandi lesi þessa handbók, sem er einnig tiltæk á vefsíðu okkar á **<https://transfer.aviva.com/is/skjol>**

Ef upp koma spurningar sem ekki er svarað í þessari handbók er hægt að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðu okkar **<https://transfer.aviva.com/is>**, þar með talinn er kafla með spurningum og svörum.

Á vefsíðunni finnur þú líka önnur skjöl sem varða **áætlunina**, t.d. skjalið sem sýnir **áætlunina** í heild, tryggingafræðilegar skýrslur, skýrslu **óháðs sérfræðings** í heild sinni og viðbótarskýrslur **óháðs sérfræðings** (þegar þær eru tiltækar), allt án endurgjalds.

Þú getur einnig hringt í númerið sem kemur fram á bréfinu viljir þú fá nánari upplýsingar um **áætlunina**, eða til að óska eftir afritum af þessum skjölum.

Þú getur einnig séð eða nálgast öll skjöl **dómsins** á einhverri af skrifstofum okkar:

- Írland: One Park Place, Hatch Street, Dublin 2
- Írland: Block A, Galway West Business Park, Distributor Road, Knocknacarra, Galway
- Írland: Friends First House, Cherrywood Business Park, Loughlinstown, Dublin 18
- Írland: Avenue 5000, Cork Airport Business Park, Cork, T12 FDN3
- Bretland: St Helen's, 1 Undershaft, London, EC3P 3DQ
- Bretland: Wellington Row, York, YO90 1WR

Ef þú telur að **áætlunin** gangi gegn hagsmunum þínum eftir að þú hefur kynnt þér allar tiltækar upplýsingar, og vilt leggja fram andmæli, getur þú hringt í okkur eða sent skriflegt erindi á heimilisfangið sem kemur fram á bréfinu þínu þar sem þú tilgreinir ástæður andmælanna. Einnig getur þú fyllt út andmælaeyðublað á vefsíðu okkar á **<https://transfer.aviva.com/is/motmæli>**

Við sendum öll andmæli sem berast okkur til **dómsins**. Æskilegt er að andmæli berist okkur ekki síðar en 30. janúar 2019, þannig hefur **dómurinn** svigrúm til að íhuga þau. Samt sem áður hefur þú rétt á að senda inn andmæli allt fram að dagsetningu fyrirtöku, sem áætlud er þann 13. febrúar 2019.

Við fyrirtökuna þann 13. febrúar 2019 hjá The Business and Property Court, Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London EC4A 1NL mun **dómurinn** íhuga hvort samþykka eigi **áætlunina**.

Þér er heimilt að vera viðstödd/viðstaddur fyrirtökuna, kynna mál þitt eða leggja fram andmæli. Þér er einnig heimilt að senda lagalegan fulltrúa fyrir þína hönd. Óskir þú eftir að vera viðstödd/viðstaddur fyrirtökuna fyrir **dómi** eða senda lagalegan fulltrúa fyrir þína

hönd skaltu tilkynna okkur það skriflega fyrir 30. janúar 2019, svo **dómurinn** fái upplýsingar um slíkt. Heimilisfangið kemur fram á bréfinu.

## Fjárvörsluaðilar

Ef þú ert fjárvörsluaðili fyrir lífeyrissjóðsáætlun hóps skaltu hafa í huga að jafnvel þó þú sért skráð(ur) **tryggingataki** ættir þú að koma þessum upplýsingum áfram til meðlima hópsins. Við aðstoðum þig gjarnan við að koma upplýsingum á framfæri.

Helstu atriði sem hafa skal í huga þegar slíkar upplýsingar eru veittar eru eftirfarandi:

- **áætlunin** hefur í för með sér að lífeyrissjóðsáætlun hópsins færist yfir til **FFLAC**, eins og fram kemur í bréfinu;
- ef þú ert fjárvörsluaðili verður þú það áfram;
- samningur þinn (trygging) færist yfir til **FFLAC**;
- ef þú ert umsjónaraðili áætlunarinnar í samræmi við „Finance Act 2004“, verður þú það áfram eftir yfirfærsluna.

Fjárvörsluaðilar lífeyrissjóðsáætlunar hópa og félagar sem telja að **áætlunin** gangi gegn hagsmunum sínum geta lagt andmæli sín fram fyrir **dóminn** eins og lýst er hér fyrir ofan.

## 6 Hvernig þú getur haft samband við okkur vegna áætlunarinnar

Þú getur lagt fram fyrirspurnir varðandi **áætlunina**, fengið skjölin sem sýna **áætlunina** í heild sinni, afrit af skýrslu **óháðs sérfræðings**, samantekt á efni þeirrar skýrslu og viðbótarskýrslur **óháðs sérfræðings** (þegar þær eru tiltækar) ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. kafla með spurningum og svörum, á vefsíðu okkar **<https://transfer.aviva.com/is>**, allt án endurgjalds. Einnig getur þú hringt í okkur í númerið sem fram kemur á bréfinu.

Ef það hentar þér betur getur þú að öðrum kosti óskað eftir afritum af viðeigandi efni eða lagt fram skriflegar spurningar, heimilisfangið má finna á bréfinu.

Ef þú vilt leggja fram andmæli gegn **áætluninni** er hægt að gera það á síðunni <https://transfer.aviva.com/is/motmaeli> Einnig getur þú hringt í okkur í númerið sem fram kemur á bréfinu.

## 6.1 Nánari upplýsingar

Við höfum lagt fram eftirfarandi skjöl tengd **áætluninni** sem allir **tryggingatakar** geta nálgast án endurgjalds.

Samskipti **tryggingataka**:

- Handbók fyrir yfirfærslu **tryggingataka** (þetta skjal)
- Handbók fyrir **tryggingataka** hjá **FFLAC** sem færast ekki yfir
- Bréf til **tryggingataka** hjá **UKLAP** sem færast yfir til **FFLAC**
- Bréf til **tryggingataka** hjá **FFLAC** sem færast ekki yfir
- Samantekt á skýrslu **óháðs sérfræðings**

Skjöl sem tengjast tæknilegri framkvæmd:

- Skjal sem sýnir **áætlunina** í heild sinni
- Skýrsla **óháðs sérfræðings** í heild sinni, þ.m.t. viðbótarskýrslur **óháðs sérfræðings** (þegar þær eru tiltækar)
- Aðrar tryggingafræðilegar skýrslur frá **UKLAP** og **FFLAC**

## 7 Yfirlit yfir áætlunina

Eftirfarandi upplýsingar eru samantekt yfir lykilhugtök skjalsins sem sýnir **áætlunina** í heild sinni, það finnur þú á vefsíðu okkar, <https://transfer.aviva.com/is/skjol>

Við getum sent þér skjalið sem sýnir **áætlunina** í heild sinni án endurgjalds. Hringdu í okkur í númerið sem fram kemur á bréfinu ef þú óskar eftir eintaki.

### 7.1 Ástæða flutningsins

Við erum að vinna að undirbúningi fyrir áætlaðar breytingar á lögum sem verða sökum þess að Bretland er á leiðinni úr Evrópusambandinu (ESB). Fyrirtæki sem staðsett eru í Bretlandi, þ.m.t. **UKLAP**, gætu

glatað heimild til að sinna viðskiptum í löndum innan Evrópusambandsins eða á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) á sama hátt og þau gera núna. Þetta þýðir að við getum ef til vill ekki haft umsjón með tryggingunni þinni með sama hætti. **FFLAC** er skráð á Írlandi, land sem er í Evrópusambandinu, og mun því geta haft umsjón með tryggingu þinni.

Fyrirhuguð yfirfærsla mun þannig veita viðskiptavinum okkar, sem gætu annars orðið fyrir áhrifum af þessum lagabreytingum, öryggi.

### 7.2 Það sem verður yfirfært

Ef **dómurinn** samþykkir yfirfærsluna munu eftirfarandi tryggingar, ásamt tengdum samningum, eignum og ábyrgðum færast frá **UKLAP** yfir til **FFLAC** á **gildistíma** (sem áætlaður er kl. 22:59 þann 29. mars 2019):

- allar tryggingar sem gefnar voru út af útibúum **UKLAP** í Írlandi, Frakklandi og Belgíu; og
- ákveðnar aðrar tryggingar sem gefnar voru út af **UKLAP** og beint var til tryggingataka utan Bretlands.

Þetta þýðir að **FFLAC** mun halda utan um tryggingarnar sem færðust yfir í stað **UKLAP**. Hafðu þó í huga að félagið fær nýtt nafn, **ALPI DAC** þann 29. mars 2019 eða þar um bil.

### 7.3 Kostnaður við áætlunina

Tryggingatakar sem þetta snertir þurfa ekki að greiða fyrir þann kostnað sem fylgir yfirfærslunni. **Aviva** ber ábyrgð á kostnaði við framkvæmd **áætlunarinnar**.

### 7.4 Sjóðsuppygging

Rekstur **UKLAP** skiptist í hagnaðarundirsjóði, undirsjóð án hagnaðar og hluthafasjóð. Rekstur **FFLAC** skiptist í hagnaðarsjóði, sjóð án hagnaðar og hluthafasjóð og mun verða óbreyttur þegar nafn **FFLAC** breytist í **ALPI DAC**, þann 29. mars 2019 eða þar um bil.

- Við færum tryggingar **UKLAP** í núverandi hagnaðarundirsjóðum sem falla undir **áætlunina** yfir í nýja sjóði hjá **FFLAC**.

- Við færum tryggingar **UKLAP** í núverandi undirsjóði án hagnaðar sem falla undir **áætlunina** yfir í fyrirliggjandi sjóð án hagnaðar hjá **FFLAC**.
- Við yfirfærum ekki þær tryggingar sem þegar eru hjá **FFLAC** vegna **áætlunarinnar**.
- Við yfirfærum ekki tryggingar sem þegar eru hjá **UKLAP** og falla ekki undir **áætlunina**.

## 7.5 Endurtrygging

Meðfram **áætluninni** endurtryggjum við samstundis ýmsar yfirfærðar tryggingar á ný hjá **UKLAP**. Þetta er gert til að lágmarka áhrif **áætlunarinnar** á yfirfærða tryggingataka og til að ganga úr skugga um að tryggingatakar hjá hagnaðarundirsjóðum **UKLAP** verði áfram í sama sjóði og þeir fjárfestu upphaflega í.

Við munum ekki endurtryggja hjá **UKLAP** þær tryggingar sem liggja í írskum hagnaðarundirsjóði (Irish With-Profits Sub-Fund) né heldur meirihluta írskra trygginga sem liggja í undirsjóði án hagnaðar. Nánari upplýsingar um hvernig við hyggjumst lágmarka áhrif **áætlunarinnar** á hagnaðartryggingar eru í kafla 8 í þessari handbók.

## 7.6 Breytingar sem stafa af áætluninni

Þær tryggingar sem verða yfirfærðar falla núna undir fyrri áætlanir sem tengjast **UKLAP**. Þegar þessar tryggingar hafa verið færðar yfir til **FFLAC** eiga ákvæði þessara fyrri áætlana ekki lengur við um tryggingarnar sem voru yfirfærðar.

Til að lágmarka áhrif **áætlunarinnar** á tryggingu þína yfirfærðum við viðeigandi ákvæði frá fyrri áætlunum **UKLAP** yfir á þessa **áætlun**. Við höfum reynt að gera þessi ákvæði einfaldari, skýrari og samræmdari þar sem það er unnt. Þetta hefur leitt til ákveðinna breytinga sem munu ekki hafa efnisleg áhrif á tryggingu þína.

Þú getur fengið frekari upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar í samantektarskýrslu **óháðs sérfræðings** sem við sendum þér með

þessari handbók og í ítarlegri skýrslu hans sem er tiltæk á vefsíðu okkar.

## 7.7 Gagnavernd

Frá **gildistíma** verður **FFLAC** ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem tengjast yfirfærðum tryggingum. **FFLAC** mun virða trúnað og friðhelgi þessara upplýsinga á sama hátt og **UKLAP** gerði fyrir yfirfærslu, og engar breytingar verða gerðar á því hvernig **FFLAC** verndar og notar þessar persónuupplýsingar. Réttindi og skyldur **FFLAC** hvað varðar gagnavernd heyra undir almennu persónuverndarreglugerðina (GDPR). Nánari upplýsingar um hvernig **FFLAC** notar persónuupplýsingar, þar á meðal lagalegur grundvöllur fyrir úrvinnslu þeirra, og hvernig þú getur nýtt þér réttindi þín, má finna á <https://friendsfirst.ie/privacy>.

## 7.8 Eftirlitsaðili á Írlandi

Eftirlitsaðili **FFLAC** er Central Bank of Ireland. Samskiptaupplýsingar eftirlitsaðilans eru eftirfarandi:

PO Box 559  
Dublin 1  
Republic of Ireland  
[enquiries@centralbank.ie](mailto:enquiries@centralbank.ie)  
Sími: +353 (0)1 224 6000

Ef þú telur að **áætlunin** gangi gegn hagmunum þínum eftir að þú hefur lesið upplýsingarnar sem eru tiltækar skaltu hafa samband í síma eða skriflega (heimilisfangið er á bréfinu) og leggja fram ástæður fyrir andmælum þínum. Þú hefur rétt á að bera fram andmæli við fyrirtöku fyrir **dómi**.

## 8 Tryggingaskírteini hagnaðarsjóðs

Þessi kafli á við ef þú ert með tryggingar innan hagnaðarsjóðs hjá **UKLAP**.

Sem hluti af yfirfærslunni verða gerðar minniháttar breytingar á nafni sjóðsins og því hvernig við höfum umsjón með honum.

Núverandi hagnaðarundirsjóður hjá UKLAP	Nýr sjóður hjá FFLAC
FLAS With-Profits Sub-Fund	ALPI FLAS Fund
FP With-Profits Sub-Fund	ALPI FP Fund
Irish With-Profits Sub-Fund	ALPI Irish With-Profits Fund
New With-Profits Sub-Fund	ALPI New Fund
Old With-Profits Sub-Fund	ALPI Old Fund

Fyrir hvern hagnaðarundirsjóð hjá **UKLAP** liggja fyrir **PPFM** skjöl, þar sem tilgreint er hvernig undirsjóðnum er stjórnað. **PPFM** skjölin verða uppfærð svo þau endurspeglja þær breytingar sem gerðar verða vegna **áætlunarinnar**. Við munum einnig útbúa ný **PPFM** skjöl fyrir ALPI írsku hagnaðarsjóðinn hjá **FFLAC**. Hér fyrir neðan má finna nánari upplýsingar um áhrif þessara breytinga.

### 8.1 Irish With-Profits Sub-Fund

Ef þú ert með fjárfestingu á þessum tímamarki í írskum hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP** verður hún færð yfir til ALPI írskis hagnaðarsjóðs hjá **FFLAC**.

Þó þú hafir ekki lengur ávinninginn af þeirri vernd hjá **UKLAP** sem fólst í írskum hagnaðarundirsjóði samkvæmt **PPFM** skjölunum eða vernd samkvæmt breskum reglugerðum þegar kemur að hagnaðarsjóðum mun **FFLAC** útbúa ný **PPFM** skjöl fyrir ALPI írsku hagnaðarsjóðinn sem munu í meginatriðum hafa sömu skilmála og fyrri **PPFM** skjöl.

Þar kemur fram að áfram verði veitt vernd í samræmi við núgildandi reglugerðir í Bretlandi og einnig kemur fram hvernig ALPI írskur hagnaðarsjóður mun starfa frá **gildistíma**.

Ef yfirfærslan á sér stað verður nauðsynlegt að gera smávægilegar breytingar og hluti þeirra mun koma fram í meginregluhluta **PPFM**

skjalsins. Þar sem okkur er skylt að tilkynna þér um slíkar breytingar með þriggja mánaða fyrirvara til að uppfylla gildandi kröfur **PPFM** skjalsins og reglugerðir í Bretlandi gildir þessi samantekt sem formlegur fyrirvari. Á vefsíðu okkar má finna uppkast hins nýja **PPFM** skjals sem mun gilda ef yfirfærslan á sér stað:

**<https://transfer.aviva.com/life/documents>**

Hagnaðarnefnd mun áfram hafa umsjón með tryggingu þinni. Hlutverk hagnaðarnefndar er að veita ráð um sanngjarna meðferð tryggingataka með hagnaðartryggingar og stjórna hagnaðarsjóðum.

### 8.2 FLAS With-Profits Sub-Fund

Ef þú átt fjárfestingu á þessum tímamarki í FLAS hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP** verður hún færð yfir í ALPI FLAS sjóðinn hjá **FFLAC**. Þessar fjárfestingar verða síðan tryggðar aftur í FLAS hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP**, því heldur þú sama ávinningi eins og ef þú hefðir verið áfram í sjóði hjá **UKLAP**.

Þú heldur einnig áfram að fá ávinning af vernd hjá **UKLAP** eins og fram kemur í **PPFM** skjalinu fyrir FLAS hagnaðarundirsjóð, sem mun fela í sér smávægilegar breytingar sem endurspeglar að yfirfærðu tryggingarnar verða endurtryggðar hjá **UKLAP** fremur en að vera beinar tryggingar hjá **UKLAP**.

### 8.3 FP With-Profits Sub-Fund

Ef þú átt fjárfestingu á þessum tímamarki í FP hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP** verður hún færð yfir í ALPI FP sjóðinn hjá **FFLAC**. Þessar fjárfestingar verða síðan tryggðar aftur í FP hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP**, því heldur þú sama ávinningi eins og ef þú hefðir verið áfram í sjóði hjá **UKLAP**.

Þú heldur einnig áfram að fá ávinning af vernd hjá **UKLAP** eins og fram kemur í **PPFM** skjalinu fyrir FP hagnaðarundirsjóð, sem mun fela í sér smávægilegar breytingar sem endurspeglar að yfirfærðu tryggingarnar verða endurtryggðar hjá **UKLAP** fremur en að vera beinar tryggingar hjá **UKLAP**.



#### 8.4 New With-Profits Sub-Fund

Ef þú átt fjárfestingu á þessum tímapunkti í nýjum hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP** verður hún færð yfir í ALPI nýjan sjóð hjá **FFLAC**. Þessar fjárfestingar verða síðan tryggðar aftur í nýjum hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP**, því heldur þú sama ávinningi eins og ef þú hefðir verið áfram í sjóði hjá **UKLAP**.

Þú heldur einnig áfram að fá ávinning af vernd hjá **UKLAP** eins og fram kemur í **PPFM** skjalinu fyrir nýjan hagnaðarundirsjóð, sem mun fela í sér smávægilegar breytingar sem endurspegla að yfirfærðu tryggingarnar verða endurtryggðar hjá **UKLAP** fremur en að vera beinar tryggingar hjá **UKLAP**.

#### 8.5 Old With-Profits Sub-Fund

Ef þú átt fjárfestingu á þessum tímapunkti í gömlum hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP** verður hún færð yfir í ALPI gamlan sjóð hjá **FFLAC**. Þessar fjárfestingar verða síðan tryggðar aftur í gömlum hagnaðarundirsjóði hjá **UKLAP**, því heldur þú sama ávinningi eins og ef þú hefðir verið áfram í sjóði hjá **UKLAP**.

Þú heldur einnig áfram að fá ávinning af vernd hjá **UKLAP** eins og fram kemur í **PPFM** skjalinu fyrir gamlan hagnaðarundirsjóð, sem mun fela í sér smávægilegar breytingar sem endurspegla að yfirfærðu tryggingarnar verða endurtryggðar hjá **UKLAP** fremur en að vera beinar tryggingar hjá **UKLAP**.

#### 8.6 Belgian Sub-Fund

Þó svo belgískar tryggingar séu ekki meðhöndlaðar á sama hátt undir breskum lögum og hagnaðarsjóðir, eru ákveðnir eiginleikar sambærilegir hagnaðarsjóðum og því er þessi hluti hafður með hér.

Ef þú átt fjárfestingu á þessum tímapunkti í belgíska undirsjóðnum hjá **UKLAP** verður hún færð yfir í ALPI belgískan sjóð hjá **FFLAC**. Þessar fjárfestingar verða síðan tryggðar aftur í belgíska undirsjóðnum hjá **UKLAP**, því heldur þú sama ávinningi eins og ef þú hefðir verið áfram í sjóði hjá **UKLAP**.

## 9 Lögbirting

VARÐANDI

### AVIVA LIFE & PENSIONS UK LIMITED

-og-

VARÐANDI

### FRIENDS FIRST LIFE ASSURANCE COMPANY DAC

-og-

VARÐANDI

## LÖG UM FJÁRMAGNSÞJÓNUSTU OG MARKAÐI 2000

HÉR MEÐ TILKYNNIST að þann 16. október 2018 lagði Aviva Life & Pensions UK Limited (áður Norwich Union Life & Pensions Limited) („**UKLAP**“) og Friends First Life Assurance Company dac (áður Friends Provident Life Assurance Company Limited og Friends First Life Assurance Company Limited) („**FFLAC**“) umsókn fyrir hjá hæstarétti (Her Majesty's High Court of Justice) um skipun samkvæmt hluta VII í lögum um fjármagnsþjónustu og markaði frá árinu 2000 („**lögin**“) til að fá samþykkt áætlun („**áætlun**“) um yfirfærslu á: (i) öllum viðskiptum sem tengjast UKLAP og/eða UKLAP hefur umsjón með gegnum útibú UKLAP í Belgíu, Frakklandi og Írlandi og (ii) öðrum tilteknum viðskiptum sem tengjast UKLAP og/eða UKLAP hefur umsjón með sem beint var til tryggingataka utan Bretlands.

Hægt er að fá afrit af eftirfarandi skjölum án endurgjalds þar til sett hefur verið fram tilskipun sem heimilur áætlunina: Skjalið sem sýnir áætlunina í heild sinni, heildarskýrsla um skilmála áætlunarinnar sem Tim Roff („**óháður sérfræðingur**“, en skipan hans var samþykkt af PRA eftir samráð við FSA) vann í samræmi við kafla 109 í lögnum, samantekt á skýrslu óháðs sérfræðings, bréf sem send voru til hagsmunaaðila og bæklingar tryggingataka með samantekt yfir áætlunina, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum. Hafið samband við UKLAP eða FFLAC eins og fram kemur hér fyrir neðan.

Ráðgert er að dómari við dómstólinn „Business and Property Court“, Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London, EC4A 1NL, taki umsóknina fyrir hinn 13. febrúar 2019. Ef umsóknin verður samþykkt mun yfirfærslan taka gildi á gildistíma (eins og skilgreint er í áætluninni), sem áætlað er að verði kl. 22:59 (samkvæmt tíma í London) þann 29. mars 2019. Hver sá sem telur að framkvæmd áætlunarinnar gangi gegn hagsmunum sínum hefur rétt á að andmæla áætluninni við fyrirtökuna. Farið er fram á að hver sá sem telur að yfirfærslan gangi gegn hagsmunum sínum veiti rökstuðning þess efnis og láti vita skriflega eða símleiðis með að minnsta kosti fimm daga fyrirvara ef viðkomandi hyggst vera viðstaddur fyrirtökuna. Upplýsingar um pósthólf sem útbúið var í þeim tilgangi, sem og símanúmer, má finna hér fyrir neðan. Hver sá sem telur að framkvæmd áætlunarinnar gangi gegn hagsmunum sínum má vera viðstaddur fyrirtökuna í eigin persónu eða senda lögmann fyrir sína hönd.

#### Samskiptaupplýsingar UKLAP:

Póstfang: Aviva Transfer Mailing (BAU J)  
PO Box 3661  
NORWICH  
NR1 3JF  
United Kingdom  
Símanúmer: +44 (0) 1603 606388  
Vefsíða: <https://transfer.aviva.com/life>

#### Samskiptaupplýsingar FFLAC:

Póstfang: Customer Services Department  
(Transfer Mailing)  
Friends First House  
Cherrywood Business Park, Loughlinstown  
Dublin 18, Ireland  
Símanúmer: +353 (0) 1 618 6816  
Vefsíða: <https://transfer.aviva.com/life>

## 10 Notuð hugtök

Í þessum leiðarvísni hafa eftirfarandi hugtök þessa merkingu:

**Áætlun** – Fyrirhuguð yfirfærsla tryggingarinnar sem lýst er í þessu skjali, hvort sem er í upprunalegu formi eða með þeim breytingum, viðaukum eða skilmálum sem gætu verið samþykktir eða lagðir á.

**ALPI DAC** – Aviva Life & Pensions Ireland Designated Activity Company. Þetta er til þess gert eignarhaldsfélag skráð á Írlandi með fyrirtækisnúmerið 165970 og skráða skrifstofu að One Park Place, Hatch Street, Dublin 2, Írlandi. Sem stendur heitir þetta félag **FFLAC**, og hefur skráða skrifstofu að Friends First House, Cherrywood Business Park, Loughlinstown, Dublin 18, Írlandi.

**Aviva** – Aviva vísar til Aviva plc og allra dótturfélaga fyrirtækisins.

**CBI** – Central Bank of Ireland og eftirlitsyfirvöld tengd bankanum.

**Dómur** – High Court of Justice in England and Wales (hæstiréttur Englands og Wales).

**FCA** – Fjármálaeftirlitið (Financial Conduct Authority)

**FFLAC** – Friends First Life Assurance Company Designated Activity Company. Þetta er til þess gert eignarhaldsfélag skráð á Írlandi með fyrirtækisnúmerið 165970 og skráða skrifstofu að Friends First House, Cherrywood Business Park, Loughlinstown, Dublin 18, Írlandi. Þetta félag mun fá heitið **ALPI DAC** þann 29. mars 2019 eða þar um bil, og þá verður skrifstofa þess skráð að One Park Place, Hatch Street, Dublin 2, Írlandi.

**Gildistími** – Þegar **áætlunin** tekur gildi, sem verður kl. 22:59 (GMT) þann 29. mars 2019.

**Lögbirting** – Tilkynning um umsókn fyrir **dómi** um samþykkt **áætlunarinnar**, sem lýst er í kafla 9.

**Óháður sérfræðingur** – Tim Roff sem er meðlimur í IFoA (Institute and Faculty of Actuaries). Hann hefur viðtæka reynslu í málefnum sem varða yfirfærslu líftrygginga og skipan hans var samþykkt af **PRA** eftir samráð við **FSA**, í þeim tilgangi að framkvæma óháða úttekt á áhrifum **áætlunarinnar** á **tryggingataka**.

**PPFM** – Skjal um meginreglur og starfsvenjur við fjármálastjórnun (Principles and Practices of Financial Management), sem unnið er og gefið út af tryggingafélagi vegna hagnaðarsjóðs samkvæmt kröfu sem fram kemur í reglu 20.3 í reglubók **FCA** um framkvæmd viðskipta („COBS“).

**PRA** – Ráðgefandi yfirvöld (Prudential Regulation Authority)

**Tryggingataki (-takar)** – Sá aðili eða þeir aðilar sem eru löglegir eigendur tryggingarinnar, þ.m.t. hver sá aðili eða aðilar sem eiga rétt á heildargreiðslu vegna tryggingarinnar, reglubundnum greiðslum eða hverskonar öðrum bótum.

**UKLAP** – Aviva Life & Pensions UK Limited, fyrirtæki skráð í Englandi og Wales með skráningarnúmerið 3253947.

**Umboðsmaður** – sjálfstæð stofnun sem skoðar kvartanir tryggingataka og leysir úr ágreiningi.

Aviva Life & Pensions UK Limited. Registered in England No 3253947. Aviva, Wellington Row, York, YO90 1WR. Authorised by the Prudential Regulation Authority and regulated by the Financial Conduct Authority and the Prudential Regulation Authority. Firm Reference Number 185896.

[aviva.co.uk](http://aviva.co.uk)

LB3-4-1\_1018 © Aviva plc

